

Samantekt: Árangur vinsællrar viðskiptareglu á íslenska hlutabréfamarkaðnum
Nemandi: Gústaf Steingrímsson
Sérsvið: Fjármál
Dagsetning: Maí 2007

Rannsóknin gekk út á að athuga hvort að hægt væri að spá fyrir um ávöxtun á íslenska hlutabréfamarkaðnum með því að nota til þess einfalda viðskiptareglu innan tæknigreiningar; hlaupandi meðaltal (HM). Spágetan var athuguð með því beita viðskiptareglunni á Úrvalsvísitöluna yfir tímabilið frá 5. janúar 1993 til 21. desember árið 2005. Gildin sem sett voru á HM voru; 50, 150 og 200 dagar.

Teknar voru allar daglegar ávöxtunarmælingar vísitölnnar á ofangreindu tímabili og þeim skipt í tvo flokka; kaupskilaboð og söluskilaboð. Skiptingin fór fram með þeim hætti að þegar vísitalan var fyrir ofan sitt HM var um að ræða kaupskilaboð á þeim tímapunkti. Þeir tímapunktar þar sem vísitalan var fyrir neðan HM voru síðan söluskilaboð. Meðalávöxtun kaupskilaboða var í öllum tilfellum jákvæð en meðalávöxtun söluskilaboða í öllum tilfellum neikvæð.

Notuð var svokölluð Bootstrap-aðferð til að greina með tölfræðilegum hætti hvort að góður árangur HM við að spá fyrir um hækkunar- og lækkunartímabil markaðarins gæti skýrst af tveimur þekktum líkönum, sem notuð hafa verið til að lýsa verðþróun á hlutabréfamarkaði; fyrstu gráðu sjálffylgni í daglegri ávöxtun og slembiferli. Niðurstaðan er að hvorugt líkanið kemst nálægt því að skýra góðan árangur viðskiptareglunnar.

Gerður var samanburður á árangri af notkun viðskiptareglunnar og kaupa-og-halda aðferðarinnar. Viðskiptareglan gaf umtalsvert betri árangur í öllum tilfellum nema einu hvort sem 1% viðskiptakostnaður var tekinn með í reikninginn eða ekki. Fyrirfram hefði mátt búast við því að betri árangur viðskiptareglunnar skýrðist af meiri áhættu í notkun hennar. Það var ekki uppi á teningnum þar sem áhætta af notkun viðskiptareglunnar var minni en kaupa og halda.

Umtalsverð óskilvirkni virðist vera til staðar á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Venjan er að skilvirkni markaða vaxi með auknum þroska þeirra og hærri aldri. Niðurstaða rannsóknarinnar bendir til gagnstæðrar þróunar. Þannig virðist sem að óskilvirkni íslenska markaðarins hafi aukist fremur en minnkað yfir tíma. Það birtist í því að mismunurinn í meðalávöxtun kaupskilaboða og söluskilaboða var meiri á seinna hluta alls þess tímabils, sem skoðað var, en á fyrri hluta þess. Það bendir til þess að enn kunni að vera góð tækifæri til notkunar viðskiptareglunnar á íslenska markaðnum.